

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulþjóðgarðs
71. fundur haldinn að Lyngási, Egilsstöðum 28. maí 2015

Mættir: Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Jóhann Þórhallsson, Skúli Björn Gunnarsson og Þórhallur Þorsteinsson. Einar Kr. Haraldsson sat seinni hluta fundar gegnum síma. Jafnframt sátu fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður, og Sævar Þór Halldórsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Dagskrá:

- 1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða**
- 2. Brú versus kláfur yfir Blöndu**
- 3. Samstarf við ferðafélög á austursvæði**
- 4. Skýrsla þjóðgarðsvarðar**
- 5. Önnur mál**

Formaður setti fund kl. 16.20 og bauð fundarmönnum að fá sér heimabakaða köku og kaffi áður en gengið var til dagskrár.

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerðar

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 70. fundar, sem samþykkt hafði verið í tölvupósti, var undirrituð.

2. Brú versus kláfur yfir Blöndu

Björgvin Steinar Friðriksson frá MSV mætti á fundinn kl. 16.30. Hann fór yfir úttekt sem hann vann síðasta sumar fyrir þjóðgarðsvörð með samanburði á kláf og vírbrú yfir Blöndu við Geldingafell. Að hans mati verður kláfur seint örugg og aðgengileg lausn á þessum stað. Um er að ræða ca. 30 metra milli bakka og hátt niður á þeim stöðum sem hafa verið skoðaðir. Ekki er teljandi kostnaðarmunur á kláf eða vírbrú.

Þórhallur taldi heppilegast að velja stað neðarlega við gilið þar sem ekki er eins hátt og betra aðgengi fyrir vinnuvélar heldur en á þeim stöðum sem rætt hefur verið um fram að þessu. Þar er einnig styttra á milli.

Rætt um þessa kosti og svæðisráð á einu máli um að vírbrú sé vænlegri kostur og rétt sé að vinna málið áfram miðað við það. Ekki er neitt fjármagn til í framkvæmdir við Blöndu eins og er en áfram verður reynt að sækja það.

3. Samstarf við ferðafélög á austursvæði

Þorvaldur Hjarðar, formaður Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, kom inn á fundinn og hann og Þórhallur Þorsteinsson, sem framkvæmdastjóri félagsins, fóru yfir þau málefni sem hvíla á ferðafélögum Fljótsdalshéraðs og Húsavíkur vegna Sigurðarskála. Þeir telja að svæðisráð verði að stíga inn í samskipti milli félaganna og þjóðgarðsins. Ekki hafa tekist samningar um greiðslur vegna aðstöðu og þjónustu vegna sumarsins 2015. Ferðafélögin fara fram á það að formaður svæðisráðs sitji alla fundi sem haldnir eru milli þjóðgarðsins og ferðafélaganna.

Skúli Björn spurði eftir því hvort að einhver stefna hefði verið sett hjá stjórn um hver sé framtíðarsýn varðandi ferðafélögin og aðra aðila sem byggðu upp þjónustu á svæðum sem

síðar hafa komið inn í Vatnajökulsþjóðgarð. Ruth og Björn Ármann sögðu ekkert slíkt hafa verið rætt innan stjórnar en þetta tengdist atvinnustefnunni sem enn er ekki lokið.

Ruth sagðist í vetur hafa fylgt því eftir innan stjórnar að ferðafélögin fengju formleg svör við þeim erindum sem þau hafa sent til þjóðgarðsins. Svæðisráð beinir þeim óskum til stjórnar að svara formlega þeim erindum sem liggja fyrir varðandi þessi málefni.

Einar Kr. Haraldsson kom inn á fundinn í síma kl. 17.10.

Þorvaldur og Þórhallur yfirgáfu fundinn kl. 17.45.

Eftir umræður um þessi málefni samþykkti svæðisráðið svohljóðandi bókun sem formanni var falið að fara með inn á næsta stjórnarfund:

Svæðisráð austursvæðis beinir því til stjórnar þjóðgarðsins að hún móti hið fyrsta formlega stefnu um samninga um þjónustu og aðstöðu við ferðafélögin sem eiga skála og eru með starfsemi innan þjóðgarðsins. Slíkir samningar þurfa í grunninn að vera samræmdir en einnig taka mið af aðstæðum á hverjum stað og vera skýrt hverjir fara með samningsumboð fyrir aðilana. Það er skoðun svæðisráðs að virða eigi uppbyggingarstarf ferðafélaganna og landvörslu þeirra um áratugaskeið á þessum svæðum og þjóðgarðurinn eigi að leggja áherslu á að eiga gott samstarf við þessa aðila sem eru mikilvægir vegna þjónustu við ferðamenn.

4. Skýrsla þjóðgarðsvarðar

Þessi dagskrárliður var tekinn fyrir eftir fundargerð á undan 2. dagskrárlið. Ragna Fanney sagði frá þeim fjármunum sem voru að bætast við til framkvæmda innan austursvæðis með framlagi ríkisstjórnarinnar til aðgengismála á ferðamannastöðum í eigu og umsjón ríkisins. 7 m.kr. komu til viðbótar í Snæfellsskála og 10 m.kr. fékk Minjastofnun vegna Hvannalinda. Síðan bætast líklega við 12 landvarðavikur inn á austursvæði. Deiliskipulag sem hefur verið í undirbúningi fyrir nokkra staði er komið til viðeigandi sveitarfélaga.

Næsti stjórnarfundur þjóðgarðsins verður haldinn í Laugarfelli 3. júní.

5. Önnur mál

a) Landvörslustöð í Krepputungu. Björn Ármann sagðist hafa rætt á síðasta stjórnarfundum um hugmynd um landvörslustöð við vegamótin í Kverkhnjúkaskarði vestan við Lindarfjöll. Þar sem frestun hefur orðið á lokafrágangi stjórnunar- og verndaráætlunar var það mat stjórnar að enn væri tími fyrir svæðisráð að koma þessu inn.

Svæðisráð leggur til að bætt verði inn í stjórnunar- og verndaráætlun, í kaflann 9.4.3 um þjónustusvæði innan austursvæðis, svohljóðandi grein:

Kverkhnjúkaskarð:

Forsendur:

Hér er um að ræða nýtt þjónustusvæði í Krepputungu við vegamótin í Kverkhnjúkaskarði suðvestan við Lindarfjöll. Nýtt þjónustusvæði kallar á deiliskipulagsgerð en kostur þessarar staðsetningar er gott aðgengi að vatni, hve miðsvæðis það er í Krepputungu og hve lítil sjónræn áhrif uppbygging þar hefur.

Markmið:

Að komið verði upp landvörslustöð og aðstöðu til áningar með salernisaðstöðu.

Skilmálar:

Í deiliskipulagi verði gert ráð fyrir landvörslustöð og tilheyrandi þjónustusvæði.

b) Sumarfrí svæðisráðs og hálendisferð. Svæðisráð gerir ekki ráð fyrir að funda aftur fyrir en í haust. Rætt um að fara í hálendisferð í Krepputungu síðsumars eða með haustinu og formanni og þjóðgarðsverði falið að finna heppilegar dagsetningar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.30.

Ruth Magnúsdóttir

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð

Jóhann F. Þórhallsson

Björn Ármann Ólafsson

Þórhallur Þorsteinsson

Einar Kr. Haraldsson